



Bolungarvíkurkaupstaður

Gjaldskrá fyrir hundahald í Bolungarvíkurkaupstað árið 2010.

1. gr.

Af hundum í Bolungarvíkurkaupstað skal Bolungarvíkurkaupstaður innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd heilbrigðissamþykktar um hundahald.

2. gr.

Við leyfisveitingu skal innheimta gjald sem hér segir:

Fyrsta leyfisveiting	kr.	17.830,-
Leyfisveiting eftir útrunninn frest	kr.	23.587,-
Bráðabirgðaleyfi, skammtímaskráning	kr.	3.520,-

3. gr.

Af leyfðum hundum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald sem hér segir:

Einn hundur	kr.	17.830,-
-------------	-----	----------

4. gr.

Greiðslur vegna hundahreinsunar og trygginga eru innifaldar í leyfisgjaldi.

5. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds skal innheimta handsömunargjald sem hér segir:

Fyrsta afhending hunds	kr.	8.662,-
Önnur afhending hunds	kr.	17.270,-
Þriðja afhending hunds	kr.	27.970,-
Fyrsta afhending hunds án leyfis	kr.	20.675,-

Óheimilt er að afhenda hunda án leyfis nema gengið verði frá leyfisveitingu við afhendingu. Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna fæðis, geymslu, auglýsinga og ferðakostnaðar handsamaðs hunds.

6. gr.

Gjalddagi samkvæmt 5. gr. er 15. febrúar og eindagi 15. mars ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

7. gr.

Skilgreining á því að leitarhundur sé undanþeginn leyfisgjaldi er að viðkomandi hundur hafi að minnsta kosti B viðurkenningu útgefinni af viðurkenndum leiðbeinanda og skal ljósrit af viðurkenningu afhendast við umsókn um niðurfellingu leyfisgjalda. Heimilt er að ógilda niðurfellingu leyfisgjalda sé viðkomandi hundur ekki lengur á skrá sem leitarhundur samkvæmt skilgreiningu þessari.

Mínkahundar og smalahundar á lögbylum eru undanþegnir leyfisgjaldi.

Hjálpahundar fyrir fatlaða einstaklinga (eins og t.d. blinda) eru undanþegnir leyfisgjaldi.

8. gr.

Bolungarvíkurkaupstaður sér um innheimtu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari.

Ath. að áskilinn er réttur til að endurskoða gildandi gjaldskrá samkvæmt breytingu á neyslúvísitölu.

Ath: Sækja þarf um leyfi fyrir alla hunda.